



Alþýðusamband Íslands

Reykjavík 9. janúar 2013

Vegið að þeim sem síst skyldi

Miðstjórn ASÍ mótmælir ákvörðun Alþingis um skerðingu á kjörum aldraðra, öryrkja og atvinnuleitenda. Þegar gengið var frá kjarasamningum 2011 ætlaði ríkisvaldið að hækka bætur til samræmis við hækkun lægstu launa eða um 11.000 á árunum 2012 og 2013. Ekki var staðið við það. Þess í stað hækkuðu bætur einungis um 5.600 kr. til 6.500 hvort árið. Frá árinu 2010 vantar alls 16-17.000 kr. á mánuði upp á að bætur almannatrygginga og atvinnuleysisbætur hækki í samræmi við hækkun lægstu launa í kjarasamningum. Þetta jafngildir tekjutapi þessara einstaklinga upp á tæplega 200 þúsund kr. árið 2013. Þessi niðurstaða er með öllu óásættanleg.